

Landsbankinn - Fyrirtækjafréttir

Útboði 20% hlutafjár í Landsbanka Íslands hf. lokið

Sala 20% hlutafjár í Landsbanka Íslands hf. með almennu útboði sem hófst kl. 10:00 í morgun er nú yfirstaðin. Hlutabréfin voru áður í eigu ríkissjóðs. Til sölu voru 1.369.140.724 kr. og var útboðsgengi fest, fyrstu 3 daga útboðstímabils, í 3,50. Söluandvirði þessa 20% hlutar er því 4.723.535.498 kr. Er þetta eitt umfangsmesta einkavæðingarverkefni ríkissjóðs frá upphafi og það stærsta sem framkvæmt er með almennu útboði. Eignarhlutur ríkissjóðs í Landsbankanum er 48,29% eftir þessa sölu. Landsbankinn mun birta lista yfir 20 stærstu hluthafa í félaginu í síðasta lagi fyrir opnun markaða þann 18. júní.